

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 40.558 og kr. 27.554 á hvert heimili í dreifbýli Ísafjarðarbæjar. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sumarbústaðir og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu verði kr. 13.653.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð:

- a) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
 - b) Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
 - c) Gjald fyrir móttöku í endurvinnslustöð í Ísafjarðarbæ er:
- | | |
|--|----------------|
| Blandaður/grófur úrgangur, slög/rækjuskel | 35 kr./kg |
| Timbur | 35 kr./kg |
| Óvirkur úrgangur (t.d. gler, múrbrot) | 6,50 kr./kg |
| Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva) | 8.408 kr./stk. |
| Farmstærð undir 0,5 m ³ | 4.624 kr. |
| Farmstærð allt að 1 m ³ | 9.248 kr. |

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist samkvæmt heimild 8. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1196/2014.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 10. desember 2015.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.